

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og lögum um gjaldeyrismál (aflandskrónulosun og bindingarskylda á fjármagnsinnstreymi).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur, Guðmund Kára Kárason og Tinnu Finn bogadóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Má Guðmundsson, Sturlu Pálsson og Andra Egilsson frá Seðlabanka Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Seðlabanka Íslands, Nasdaq verðbréfamiðstöð og Gunnari Þór Gíslasyni.

Frumvarpið er liður í aðgerðum stjórnvalda til að afnema fjármagnshöft sem sett voru á í kjölfar falls íslensku bankanna árið 2008. Annars vegar er lagt til að við lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, bætist bráðabirgðaákvæði sem kveði á um þrenns konar heimildir til að losa svokallaðar aflandskrónueignir sem háðar eru takmörkunum samkvæmt lögunum, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Hins vegar eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða III í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, sem varðar reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris. Miða breytingarnar að því að auka sveigjanleika á formi slíkrar bindingar, m.a. með því að heimila að bindingarskylda, sem hingað til hefur eingöngu verið mögulegt að uppfylla með innlögn á bundinn reikning, verði uppfyllt með endurhverfum viðskiptum með innstæðubréf Seðlabankans, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að fjárfestar eða fjármálaufyrirtæki sem uppfyllt hafa bindingarskyldu á grundvelli núgildandi laga og eiga fjármuni á bundnum reikningum geti í kjölfar gildistöku frumvarpsins breytt fyrirkomulagi bindingar til samræmis við nýjar útfærslur.

Í umsögn til nefndarinnar undirstrikar Seðlabankinn mikilvægi þess að afgreiðsla frumvarpsins liggi fyrir áður en gjalddagi tiltekins flokks ríkisbréfa rennur upp 26. febrúar næstkomandi. Að öðrum kosti muni umfang aflandskrónueigna í lausu fé aukast um nær 70% eða sem nemur um 25 milljörðum kr. Í umsögninni segir: „Við það eykst hætta á að stórir aflandskrónueigendur, sem átt hafa sín bréf í samfelldu eignarhaldi frá því fyrir höft og taldir hafa verið líklegir til að endurfjárfesta í íslenskum skuldabréfum þegar þeirra bréf koma á gjalddaga þann 26. febrúar muni í stað þess leita út þegar þeir losna af bundnum reikningum. Það mun hafa tvenns konar áhrif. Í fyrsta lagi mun Seðlabankinn þurfa að eyða mun meiri forða til að koma í veg fyrir gengisfall í tengslum við losun aflandskróna. Í öðru lagi mun draga meira úr framboði erlends fjár á innlendum skuldabréfamarkaði en reiknað var með þegar frumvarpið var samið. Markaðsaðilar hafa kvartað undan skorti á slíku framboði í tengslum við bindingu fjármagnsstreymis inn á skuldabréfamarkað.“

I umsögn Seðlabankans til nefndarinnar er jafnframt bent á að orðalag 1. tölul. a-liðar 3. gr. frumvarpsins megi misskilja á þann veg að þar sé tæmandi upp talið með hvaða hætti fjármálaufyrirtæki geti miðlað kjörum og bindingartíma til fjárfestis. Sú hafi ekki verið ætlunin líkt og ráða megi af greinargerð með frumvarpinu. Að auki er í umsögninni bent á að í c-lið

3. gr. frumvarpsins þurfi að kveða á um skilmála og kjör innstæðubréfa en ekki eingöngu skilmála enda sé ætlunin að tryggja Seðlabankanum heimild til að ákveða vexti, verðlagningu, kostnað o.fl. í reglum skv. 1. mgr. ákvædis til bráðabirgða III í lögum um gjaldeyrismál. Nefndin tekur undir ábendingar Seðlabankans og gerir viðeigandi breytingartillögur. Að auki leggur nefndin til að í stað þess að bráðabirgðaákvæði sem með frumvarpi þessu bætist við lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum verði talið upp í 2. mgr. 25. gr. laganna, þar sem Seðlabankanum er veitt heimild til að setja reglur um framkvæmd ýmissa þátta laganna, verði málsgrein bætt við bráðabirgðaákvæðið þar sem slík heimild komi fram.

Að framangreindu virtu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Reglurnar skulu samþykktar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.
2. 2. gr. falli brott.
3. Við 3. gr.
 - a. Á undan orðunum „beint með framsali innstæðubréfs“ í 1. tölul. a-liðar komi: svo sem.
 - b. Á eftir orðinu „skilmála“ í c-lið komi: og kjör.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. febrúar 2019.

Óli Björn Kárason, Þorsteinn Víglundsson. Brynjar Níelsson.
form., frsm.

Álfheiður Eymarsdóttir. Ásgerður K. Gylfadóttir. Bryndís Haraldsdóttir.

Logi Einarsson. Ólafur Þór Gunnarsson.